

Nd.

413. Frumvarp til laga

[72. mál]

um stjórn flugmála.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrirtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugvallastjóra ríkisins, að fengnum tillögum flugráðs. Hann skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaæftirlit og öryggisþjónustu, undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfi flugvallastjóra ríkisins, er ráðherra setur, að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn flugvallastjóra ríkisins til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugvallastjóra ríkisins og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, að veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan.

4. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og landingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, þar á meðal um hvers konar umferð um flugvelli og flugvallasvæði, svo og um alla framkvæmd laga þessara. Brot gegn slíkum reglum varða sektum, allt að 30 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 65 31. maí 1947, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir voru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum nr. 65 31. maí 1947, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.